

# Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Ársskýrsla 2022

---



Verkmenntaskólinn  
á Akureyri

---

---

## Inngangur

Ársskýrsla þessi er unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) og er jafnframt yfirlit yfir hlutverk, markmið og það helsta sem unnið hefur verið að í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) á árinu 2022. Greint verður frá því hvernig skólinn hefur unnið að þeim markmiðum sem hann hefur sett sér en einnig er gerð grein fyrir hlutverki skólans og ýmsum tölulegum upplýsingum er varða skólastarfið. Skýrsla þessi er lögð fram í júní 2023. Skýrslan er unnin af stjórnendum skólans og er birt á vef hans.

Myndir í þessari skýrslu eru fengnar af heimasíðu skólans og flestar teknar af Hilmari Friðjónssyni og Óskari Þór Halldórssyni.

## Hlutverk og skipulag skólans

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk VMA að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi, svo að hann verði sem best búinn undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Fjölbreytni í námsframboði og breidd nemendahópsins eru ein sterkustu sérkenni VMA. Gildi og einkunnarorð skólans endurspeglar þá áherslu en þar segir m.a. að nemendur séu hornsteinn skólans. Markmið með námi þeirra í VMA er að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, þeim líði vel, þeir tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni sem fylgir þeim út í lífið til frekara náms eða á vinnumarkað.



VMA er áfangaskóli og þar fer fram kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, og listnámsbrautum, nám á brautarbrú, iðnnámsbrautum og til starfsréttinda ásamt

---

starfs- og sérnámsbraut fyrir nemendur sem eru í einstaklingsmiðuðu námi. Fjölbreytt fjarnám er við skólann ásamt meistarakóla fyrir iðnsveina.

Nám á brautum skólans er sett upp samkvæmt námskrám í viðkomandi greinum og eru brautarlýsingar inni á námskrárvef Menntamálastofnunar. Fjarnám er við skólann, aðallega með hefðbundnum bóknámsáföngum og eru áfangar í meistarakóla fyrir iðnmeistara kenndir í fjarnámi. Á árinu 2022 var boðið upp á nám á ýmsum brautum eins og fram kemur í kaflanum námsframboð

## Námsframboð

### Nám til stúdentsprófs (200 einingar):

- **Félags- og hugvísindabraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði félags- og hugvísinda. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á félags- og hugvísindagreinar og góðan undirbúning fyrir háskólanám, m.a. á sviði félags- og hugvísinda.
- **Fjölgreinabraut.** Á brautinni taka nemendur breiðan brautarkjarna sem inniheldur m.a. náttúrulæsi, menningarlæsi og lokaverkefni auk kjarnagreina. Brautin er skipulögð sem undirbúningur fyrir háskólanám í þeim greinum sem nemendur kjósa að sérhæfa sig í.
- **Íþrótt- og lýðheilsubraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði íþrótt- og heilsufræða. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á fjölbreyttar íþróttagreinar, íþróttufræði, starfsþjálfun, stjórnun og tölfræði. Brautin er skipulögð sem góður undirbúningur fyrir háskólanám m.a. í lýðheilsufræði, heilbrigðisgreinum, þjálfufræði, tómstundafræði og skyldum greinum.
- **Listnáms- og hönnunarbraut (myndlistarlína).** Á brautinni er lagður grunnur að listiðkun og frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Listnáms- og hönnunarbraut á að stuðla að eflingu sköpunargáfu og veita góðan grunn fyrir nám í öllum skapandi greinum sem tengjast manngerðu umhverfi, skemmtana-, tölvu-, tísku- og listheimi. Auk þessa stunda nemendur almennt bóklegt nám.
- **Listnáms- og hönnunarbraut (textíllína).** Á brautinni er lagður grunnur að listiðkun og frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Á textíllínu er áhersla lögð á listgreinar á sviði textílhönnunar og sérstaklega yfirborðshönnun efna. Auk þessa stunda nemendur almennt bóklegt nám.
- **Náttúruvísindabraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði náttúruvísinda. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á raungreinar, s.s. efnafræði, líffræði, eðlisfræði og jarðfræði auk stærðfræði. Brautin er skipulögð sem undirbúningur fyrir háskólanám m.a. á sviði heilbrigðis- og raunvísinda.

- 
- **Viðskipta- og hagfræðibraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði viðskipta- og hagfræðigreina. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á viðskipta- og hagfræðigreinar, s.s. bókfærslu, hagfræði og stjórnun og góðan undirbúning fyrir framhaldsnám í háskóla í viðskiptafræðum, hagfræði og skyldum greinum.
  - **Viðbótarnám til stúdentsprófs.** Námið er ætlað nemendum í iðn- og starfsnámi og þeim sem lokið hafa slíku námi. Nemendur geta tekið áfanga til stúdentsprófs með iðn- og verknáminu eða bætt stúdentsprófsáföngum við að loknu því námi.

## Brautabré

Nám á brautarbrú er ætlað nemendum sem eru óráðnir í námsvali eða hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri í kjarnagreinum grunnskóla. Brautin hefur það markmið að vekja áhuga nemenda á námi í framhaldsskóla og styrkja námshæfni þeirra m.a. með það fyrir augum að nemendur komist inn á aðrar námsbrautir framhaldsskólans.

## Starfsbraut og sérnámsbraut

Nám á starfs- og sérnámsbraut er fjögur ár en þar sem námið er einstaklingsmiðað geta áherslur og þátttaka í áföngum verið mismunandi á tímabilinu. Námið á brautinni er blanda af bóklegu og verklegu námi. Náminu er skipt í kjarna og val og leitast er við að hafa námið sem fjölbreyttast og þverfaglegt. Í kjarna eru skylduáfangar brautarinnar. Valáfangar taka mið af því sem almennt er í boði í skólanum hverju sinni ásamt því sem reynt er að koma til móts við áhuga, þarfir og óskir nemenda með starfsbrautaráföngum, s.s. á sviði matreiðslu, listnáms, hönnunar, íþróttar, tungumála og upplýsingatækni.

## Iðn- og starfsnám

- **Byggingagreinar - Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina.** Meginmarkmið námsins er að veita nemendum sýn á atvinnugreinarnar og störf innan þeirra. Í lok grunnámsins eiga nemendur að hafa fengið faglegan grunn til að byggja á áframhaldandi nám. Námið er ein önn en síðan tekur við sérhæfing í þeirri byggingagreini sem nemendur velja, t.d. húsasmíði, pípulagnir eða múraraiðn. Pípulagnir og múraraiðn eru kenndar í lotunámi í VMA en það nám er ekki alltaf í boði.
- **Húsasmíði (dagskóli og kvöldnám).** Nemendur hljóta sértæka þekkingu á sérsviðum greinarinnar ásamt færni í að sinna allri smíðavinnu í bygginga- og mannvirkjaiðnaði. Við námslok hefur nemandi færni í verkstæðis- og innréttingavinnu, vinnu á byggingarstað og viðgerða- og breytingavinnu. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistarar og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.

- 
- **Pípulagnir (lotunám).** Nemendur hljóta sértæka þekkingu á sérsviðum greinarinnar t.d. hvað varðar lagningu vatnshitakerfa, neysluvatnskerfa, frárennslikerfa og uppsetningu og tengingu á ýmsum hreinleitis- og heimistækjum. Nemendur að öðlast leikni í aðferðum og verklagi. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
  - **Hársnyrtinám** – Námið hefst á grunndeild sem tekur að jafnaði þrjár annir. Þar eru allar almennar greinar kenndar auk grunnáfanga hársnyrtiiðnar . Námið að lokinni grunndeild er verkefnabundið og þá fléttast saman nám í skóla og á vinnustað. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár að grunnbraut meðtalinni. Nám og kennsla í hársnyrtiiðni miðast við að veita almenna, faglega menntun í greininni, auka færni nemenda í meðferð hársnyrtivara og beitingu áhalda og tækja, þjálfja sjálfstæð vinnubrögð nemenda og auka hæfileika og getu þeirra til samvinnu við aðra. Lögð er áhersla á gæðavitund, þjónustulund og siðfræði fagsins í víðum skilningi. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
  - **Matvælanám - Grunnám matvæla- og ferðagreina.** Námið er ætlað nemendum sem stefna að frekara námi í matvæla- og ferðagreinum. Námið felur í sér almenna menntun þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni. Námið er undirbúningur fyrir iðnnám í matreiðslu, bakstri, framreiðslu og kjötiðni en einnig er það undirbúningur fyrir frekara nám í matartækni og/eða í ferðaþjónustu.
  - **Matartæknanám (helgarnám).** Þrepaskipt, bóklegt og verklegt nám sem lýkur með fagprófi matartækni á 3. námsþrepi. Í VMA er námið yfirleitt skipulagt sem lotunám og flestir nemendur koma í námið eftir raunfærnimat. Matartæknanám er þrjár annir í skóla ásamt vinnustaðanámi og starfsþjálfun. Matartæknanámið býr nemendur undir matreiðslu og stjórnun í eldhúsum heilbrigðisstofnana, skóla og mótuneytum vinnustaða. Að loknu námi sækja nemendur um starfsleyfi hjá Embætti Landlæknis.
  - **Matreiðsla (lotunám).** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við matreiðslustörf. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
  - **Framreiðsla (lotunám).** Framreiðslunám er verklegt og bóklegt fagnám sem lýkur með sveinsprófi í framreiðslu á 3. hæfniprepi. Námið fer fram í skóla (3 annir) og á viðurkenndum starfsnámsstöðum s.s. veitingastöðum og á hótélum sem hafa nemaleyfi og þar með rétt til að taka nemendur í framreiðslunám. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.

- 
- **Grunnám málm- og véltæknigreina.** Náminu er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu, m.a. á málmsmíði og véltækni. Einnig er lögð áhersla á að þjálfar nemendur til starfa á sem flestum sviðum málm- og véltæknigreina. Brautin er undirbúningur fyrir sérnám m.a. í stálsmíði, vélvirkjun, bifvélavirkjun og vélstjórn. Að lokinni grunndeild velja nemendur sér faggrein eftir áhugasviði.
  - **Bifvélavirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf bifvélavirkja. Heildarnámstími er að jafnaði þrjú - fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
  - **Stálsmíði.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf í stálsmíði. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
  - **Vélvirkjun.** Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem vélvirkjar inna af hendi, þ.e. uppsetningu, viðgerðir, viðhald, endurnýjun og þjónustu á hvers kyns vél- og tæknibúnaði og flutningakerfum í skipum, vinnslustöðvum, vinnuvélum, verksmiðjum, orkuverum og orkuveitum, skipulagningu fyrirbyggjandi viðhalds, eftirliti með ástandi vélbúnaðar og greiningu bilana. Námið samanstendur af bóklegu og verklegu námi í skóla ásamt starfsþjálfun í fyrirtækjum. Námið tekur að lágmarki þrjú ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
  - **Vélstjórn A – D réttindi.** Nám til vélstjórnar veitir, að uppfylltum skilyrðum um menntun, starfsþjálfun, siglingatíma, aldur og heilbrigði, atvinnuréttindi til starfa um borð í skipum. Námi í vélstjórn er einnig ætlað að veita menntun og þjálfun til að nemendur geti sinnt vélstjórnarstörfum í landi, t.d. á sviði orku- og veitufyrirtækja og í iðnaði. Námið er skipulagt í fjórum þrepum eftir því hve víðtæk réttindi eru að námi loknu. Námstími er fimm ár.
  - **Rafiðnanám - Grunnám rafiðna.** Náminu er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á rafmagnsfræði og rafeindatækni og að þjálfar þá til starfa á sem flestum sviðum rafiðna. Brautin er undirbúningur fyrir sérnám í rafiðngreinum.
  - **Rafvirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf rafvirkja. Heildarnámstími er að jafnaði þrjú - fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
  - **Rafeindavirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf rafeindavirkja. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.

- 
- **Sjúkraliðabraut.** Brautinni er ætlað að undirbúa nemendur undir störf við hjúkrun, aðhlyningu, endurhæfingu og forvarnir bæði á heilbrigðisstofnunum og á heimilum fólks þar sem reynir mikið á samskiptafærni og siðferðisvitund starfsmanna. Sjúkraliðanám er þriggja ára nám ásamt starfsþjálfun og getur verið góður grunnur fyrir frekara nám í heilbrigðisvísindum. Að loknu námi sækja nemendur um starfsleyfi hjá Embætti Landlæknis.

Nánari upplýsingar um brautir og brautarlýsingar má finna á heimasíðu skólans, sjá flipann [Námið](#) á heimasíðu skólans. Á vef skólans má einnig sjá [áfangalýsingar](#) og [námsáætlanir](#).

Ný **reglugerð um vinnustaðanám** nr. 180/2021 tók gildi 1. ágúst 2021 og um leið var tekin upp svokölluð rafræn ferilbók fyrir nemendur í vinnustaðanámi. Fram til þessa hafa nemar í starfsnámi verið sjálfir ábyrgir fyrir því að komast á námssamning, en með nýju reglugerðinni færast ábyrgðin á þessum námsþætti frá nemanum yfir á skólana. Skólarnir bera ábyrgð á að finna vinnustað þar sem neminn fær leiðsögn og æfingu við raunaðstæður. Önnur breyting er sú að ef ekki tekst að koma nema á samning tekur svokölluð skólaleið við þar sem skólinn þarf að sjá til þess að neminn fái nauðsynlega þjálfun jafnvel á fleiri en einum vinnustað. Þriðja breytingin er sú að horft verður til hæfni nemans við ákvörðun um lengd vinnustaðanáms. Skilgreindir hafa verið hæfniþættir fyrir hverja námsgrein og þarf nemi að ná tókum á þeim handbrögðum sem þar eru tilgreind.

Á árinu var haldið áfram að innleiða nýtt vinnulag og ferilbókina. Skólinn hefur stærra hlutverk en áður hvað varðar vinnustaðanámið og mikil breyting sem felst í því að utan um hald á ferilbók er komin til skólanna en áður hélt Iðan utan um námssamninga nemenda.



Öskudagurinn 2022

---

## Nemendafjöldi

Á vorönn 2022 hófu um 900 nemendur nám í dagskóla og um 300 í fjarnámi. Alls 139 nemendur með 163 brottfararskírteini voru brautskráðir í maí. Brotthvarf á vorönn 2022 í dagskóla var 10,1% sem er töluvert hærra en undanfarin ár. Vegna þeirra óviðráðanlegra aðstæðna sem hafa verið síðustu annir og langvarandi óvissu ástands vegna COVID faraldar hefur það haft áhrif á nemendur og starfsfólk. Ástundun nemenda er ábótavant og hefur það endurspeglast í virkni, mætingu og brottfalli. Tekin var sú afstaða að sýna fjarvistum nemenda aukinn skilning þrátt fyrir slæma mætingu og koma þannig til móts við nemendur í því óvissuástandi sem verið hefur.

Á haustönn 2022 hófu rúmlega 1200 nemendur nám við skólann, þar af 271 í fjarnámi og 50 í kvöld- eða lotunámi. Þá voru 93 nemendur með 103 skírteini brautskráðir í desember en alls útskrifuðust 232 nemendur á árinu. Brotthvarf á haustönn 2022 var 11,7%.

Innritun á haustönn 2022 fór fram í samræmi við leiðbeiningar um innritun í framhaldsskóla frá Menntamálastofnun. Flest allir nýnemar sem sóttu um VMA sem fyrsta og annað val fengu inn í skólanum. Nokkrum nemendum, sem sóttu um brautarbrú og höfðu lögheimili á upptökusvæði annars framhaldsskóla en VMA, var hafnað. Helsta ástæða þess að nemendur fengu höfnun í nám á ákveðnum brautum var sú að nemendur annað hvort uppfylltu ekki skilyrði brautar eða að nám var ekki í boði. Eins fengu nemendur höfnun sem höfðu náð 18 ára aldri og voru með sögu um úrsagnir úr áföngum/skóla og/eða höfðu mætt illa í skólann. Nemendum sem uppfylltu ekki skilyrði inn á brautir eða sóttu um nám sem var ekki í boði, var í flestum tilfellum boðið upp á annað nám í VMA. Vegna aukinnar ásóknar nýnema og nemenda yngri en 18 ára á sumar iðnnámsbrautir skólans, þurfti að hafna eldri nemendum sem sóttu um skólavist, sérstaklega á þetta við um umsækjendur í byggingagreinum. Farið var af stað með nám í húsasmíði í kvöldskóla haustið 2021 til að auka tækifæri eldri nemenda til náms í byggingagreinum en skólinn hefur ekki tók á því að fara af stað með annan hóp haustið 2022 vegna plássleysis.



*Nemendur í háriðin á leið í námsferð til Malaga á Spáni*



**Tafla 1. Skipting nemenda eftir námsbrautaflokkum og kyni haustið 2022**

Tegund náms	Karlar	Konur	Alls	Hlutfall %
Brautabré	16	7	23	2.5%
Iðn- og verknám	275	55	330	35.1%
Sjúkraliðanám	5	35	40	4.2%
Starfsbrautir	47	28	75	7.9%
Stúdentsnám	175	191	370	38.9%
Vélstjórn	54	2	56	5.6%
Lotu- og kvöldnám	34	16	50	5.3%
<b>Alls</b>	<b>606</b>	<b>334</b>	<b>940</b>	
Fjarnám	150	121	271	22.3%

Kynjaskipting nemendahópsins í VMA var býsna ójöfn í skólanum eins og tafla 1 ber með sér. Þar munar mestu hve miklu fleiri karlar en konur eru í iðn- og verknámi skólans. Konur eru 35.5% nemenda en karlar 64.5%.

**Tafla 2. Fjöldi nemenda í dagskóla VMA 2018-2022**

2018		2019		2020		2021		2022	
Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
<b>962</b>	<b>1016</b>	<b>1015</b>	<b>1065</b>	<b>950</b>	<b>1001</b>	<b>948</b>	<b>995</b>	<b>954</b>	<b>940</b>

**Tafla 3. Fjöldi nemenda í fjarnámi í VMA 2018-2022**

	2018		2019		2020		2021		2022	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Ekki í dagskóla	214	220	237	221	261	230	292	235	234	208
Í dagskóla	56	84	54	92	73	64	41	62	77	63
<b>Alls</b>	<b>310</b>	<b>283</b>	<b>270</b>	<b>304</b>	<b>291</b>	<b>313</b>	<b>334</b>	<b>292</b>	<b>311</b>	<b>271</b>

Í töflu 3 má sjá að þróun nemendafjölda í fjarnámi síðustu fimm ár hefur verið nokkuð stöðug eða um 300 nemendur á önn. Nemendum í fjarnámi við VMA hefur fækkað frá því sem áður var en árið 2014 voru um 500 nemendur í fjarnámi við skólann. Þess má geta að nærri þriðjungur þeirra nemenda sem skráðir eru í fjarnám í VMA eru einnig nemendur skólans og annar eins fjöldi er í námi í öðrum framhaldsskólum.

---

**Tafla 4. Fjöldi nýnema í dagskóla VMA 2018-2022**

Ár	Karlar	Konur	Alls
2018	130	92	<b>222</b>
2019	146	80	<b>226</b>
2020	140	89	<b>229</b>
2021	131	83	<b>214</b>
2022	126	78	<b>204</b>

---

Yfirlit yfir fjölda nýnema að hausti í dagskóla má sjá í töflu 4. Þar veður athygli hve umsóknir karla eru áberandi fleiri en kvenna. Væntanlega endurspeglar það kynbundið námsval sem vikið var að í umfjöllun um töflu 1.

Nemendur í dagskóla koma flestir frá Akureyri eða 65.4%, 13.8% úr nágrannasveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu og um 20.8% úr öðrum sveitarfélögum. Búseta þeirra dreifist vítt og breitt um landið og má segja að VMA eigi fulltrúa frá flestum byggðarlögum landsins. Búseta nemenda í fjarnámi sem ekki eru jafnframt nemendur í dagskóla er mun dreifðari.

Aldursbil nemenda í VMA er breitt en flestir nemendur eru 20 ára og yngri. Haustið 2022 voru 83% nemenda fæddir á árunum 2006 til og með 2002. Fimm nemendur voru 15 ára við upphaf skólagöngu sinnar haustið 2022 og sjö nemendur eru eldri en fimmtugir.

Á haustönn 2022 voru 148 nemendur VMA á sameiginlegri heimavist VMA og MA. Hlutfall VMA nemenda á heimavist hefur farið hækkandi undanfarin ár og hefur heimavistinni tekist að halda nokkuð í íbúafjölda heimavistar. Íbúapróun í nágrannasveitarfélögum skólanna hefur áhrif á nemendafjölda skólanna og nemendum almennt í báðum skólum fækkar. Heimilisbragur heimavistar bar keim af sóttvarnarreglum en ekki þurfti að loka heimavistinni á þessu ári. Skólahjúkrunarfræðingur VMA er með fasta viðtalstíma á heimavist fyrir alla nemendur vistarinnar. Skólameistari VMA situr stjórnarfundum Lundar sem rekur heimavist VMA og MA.

## **Brotthvarf og fjarvistir**

Brotthvarf nemenda í dagskóla VMA hefur verið á bilinu 7,3% til 10,6% síðustu fimm árin eins og sjá má í töflu 5. Samkvæmt henni hefur brotthvarf farið heldur minnkandi á tímabilinu en skólinn hefur sett sér það markmið að brotthvarf í dagskóla fari ekki yfir 9%. Vegna þeirra óviðráðanlegra aðstæðna sem hafa verið síðustu annir og langvarandi óvissu ástands vegna COVID faraldar hefur það haft

---

áhrif á nemendur og starfsfólk. Ástundun nemenda er ábótavant og það endurspeglast í virkni, mætingu og brottfalli. Stjórnendur tóku þá afstöðu að sýna fjarvistum nemenda aukinn skilning þrátt fyrir slæma mætingu og koma þannig til móts við nemendur í því óvissuástandi sem verið hefur. Sóttkví og einangrun höfðu mikil áhrif á mætingar nemenda og fjarveru kennara.

**Tafla 5. Brotthvarf í dagskóla VMA 2018-2022**

Ár	Vor	Haust	Meðaltal
2018	9,80%	9,30%	9,55%
2019	8,8%	7,2%	8,0%
2020	5,11%	9,5%	7,3%
2021	10%	9,6%	9,8%
2022	10,1%	11,7%	10,9%

VMA tekur saman lista með skýringum á brotthvarfi nemenda á hverri önn, flokkun er samkvæmt lista frá MRN. Í töflu 6 má sjá skýringar á brotthvarfi nemenda á árinu 2022.



*Nemendur og kennarar sem tóku þátt í Erasmus+ verkefninu Ready for the world og fóru tilí Hollands í mars 2022.*

Tafla 6. Ástæður brotthvarfs úr dagsskóla VMA 2022

Ástæður brotthvarfs 2022	Kyn		Fæðingarár						Móðurmál	
	Karl	Kona	2006	2005	2004	2003	2002	Eldri	Íslenska	Annað
<b>Ytri ástæður</b>										
Vildi fara að vinna	15	1		3	4	4		5	14	2
Fjárhagsástæður/fátækt										
Flutningar	4	4	1	2	1	4			8	
<b>Skólinn</b>										
Vísað úr skóla vegna brots á mætingarreglum	15	5		3	3	4	5	5	18	2
Vísað úr skóla vegna brots á skólareglum										
Einelti										
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla										
<b>Námið</b>										
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	11	3		7	2	4		1	12	2
Nám of erfitt	2		1	1					1	1
<b>Persónulegar ástæður</b>										
Veikindi barna										
Líkamleg veikindi	2	1		1		1		1	3	
Neysla/meðferð										
Andleg veikindi	5	11	1	2	8		2	4	12	4
Annað (skýringu neðst í skjalinu)	5	9	3	2	4	2		2	13	1
Ekki náðist í viðkomandi	8	3	1	2	1	1		5	10	1
<b>SAMTALS</b>	<b>67</b>	<b>37</b>	<b>7</b>	<b>23</b>	<b>23</b>	<b>20</b>	<b>7</b>	<b>23</b>	<b>91</b>	<b>13</b>

Annað skýringar:

Vildi fara heim	1	
Fór í annan skóla	3	
Meðganga	1	
Persónulegar ástæður	4	
Kom aldrei	2	
Fór í fjarnám	3	

---

## Brautskráningar

Vorútskrift fór fram í Menningarhúsinu Hofi 25. maí. Bryndís Þóra Björnsdóttir nýstúdent af náttúruvísindabraut futti ræðu brautskráningarnema og flutt voru tvö tónlistaratriði. Annars vegar var varpað upp á tjald upptöku frá 2020. Embla Björk og Eyþór Daði, sem bæði hafa áður verið útskrifuð úr sínu námi í skólanum, fluttu lagið Vikivaki eftir Valgeir Guðjónsson við ljóð Jóhannesar úr Kötlum. Upptakan var gerð í Vaðlaheiðargöngum. Hins vegar söng Sveinn Brimar Jónsson, nýstúdent, lag Bjartmars Guðlaugssonar Stúdentshúfan. Um undirleikinn sá Pétur Guðjónsson. Alls voru 139 nemendur útskrifaður af brautum skólans.

Útskriftin í desember fór fram í Hofi þar sem 93 nemendur voru útskrifaðir. Athöfninni var jafnframt streymt, en vegna veðurs áttu færri heimangengt en gert hafði verið ráð fyrir. Helena Valdís Bergland Traustadóttir, sjúkraliði og nýstúdent, flutti ræðu fyrir hönd brautskráningarnema. Tónlistaratriði brautskráningarinnar var í höndum Hafðísar Ingu Kristjánsdóttur, nemanda á félags- og hugvísindabraut VMA. Hún söng lagið Ein handa þér eftir Eros Ramazzotti við texta Stefáns Hilmarssonar.

Í skólanum eru haldin sveinspróf í ýmsum iðngreinum á hverju ári. Í febrúar tóku sex nemendr sveinspróf í vélvirkjun og 12 í september, 13 nemendur tóku sveinspróf í pípulögnum í maí, níu tóku sveinspróf í múriðni í apríl, í mars var sveinspróf í háriðni (6 nemendur), sveinpróf í rafiðni og húsasmíði fór fram í júní.



*Brautskráning í maí 2022, ljómamynd Páll Pálsson*



*Nýnemaferðin var farin að Hólavatni í rjómalíðu*

## **Samstarfsverkefni og samvinna**

**Samstarf við skóla á NA-landi (SAMNOR).** Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga hafa síðan árið 2015 unnið saman að ýmsum málum er varða skólastarf á svæðinu. Gerður var samstarfssamningur um ákveðin verkefni skólanna og unnin starfsáætlun á hverju ári. Verkefnastjóri hefur unnið með skólameisturum skólanna og hefur SÍMEY tekið að sér það verkefni. Ingunn H. Bjarnadóttir hefur verið verkefnastjóri hópsins.

Haldnir eru fundir reglulega þar sem skólameistarar bera saman bækur sínar og leggja drög að fyrirbyggjandi verkefnum í samræmi við samstarfssamning sinn. Þar má t.d. nefna þróun á námsframboði skólanna, stoðþjónustu þeirra, fjármál, skjalavörslu, gæðamál, skólaskil grunn- og framhaldsskóla og samstarf við grunnskóla á svæðinu um það efni. Einnig má nefna sameiginlega fundi með fulltrúum Háskólans á Akureyri og símenntunarmiðstöðva. Þá hafa sérfræðingar skólanna verið í sambandi um námsframboð, stoðþjónustu, jafnlaunavottun, gæðamál o.fl. Skýrslu um samstarfið er skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytis á hverju ári ásamt því að haldinn er ársfundur skólanna þar sem aðilum frá MRN er boðið að mæta ásamt fulltrúum frá grunnskólum á svæðinu og Háskólanum á Akureyri.

Á árinu fundaði SAMNOR t.d. með Heilbrigðisstofnun Norðurlands þar sem rætt var um samstarf og þjónustu sem HSN gæti komið að innan skólanna. Fundað var með stjórn SSNE ásamt því að haldinn var fundur með fræðslustjórum á SSNE svæðinu þar sem rætt var m.a. um skólaskilin, innritunarmál og áætlunina *Byggjum brú*

---

sem er móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þessa áætlun hafa aðilar frá SAMNOR og grunnskólunum á svæðinu unnið að saman. Allir SAMNOR skólarnir hafa nú komið á formlegu samstarfi við grunnskólana á svæðinu þar sem áhersla er á að upplýsingar um skólastarf, innritun og stöðu nemenda berist á milli skólastiga í samráði við foreldra nemenda.

**Samstarf við grunnskólana** á Akureyri. VMA býður upp á samvalsgreinar í vali fyrir 9. og 10. bekk. Á vorönn 2022 voru fjórir hópar á matvælabraut og tveir í rafiðn, alls 66 nemendur. Á haustönn einn hópur hópur í kynningu á sjúkraliða- og umönnunargreinum, einn hópur í háriðn og rafiðn og einn í matreiðslu, alls 27 nemendur. Mikil ánægja er með þetta samstarf en markmið þess er að efla áhuga ungs fólks á iðn- og starfsnámi.

Samstarf við grunnskólana hefur færst mikið inn á sameiginlegan vettvang samstarfs framhaldsskólanna á svæðinu (SAMNOR).

**Samstarf við háskóla** gæti verið meira. Skólastjórnendur hafa ítrekað óskað eftir því að nemendur í grunn- og framhaldsnámi við Háskólann á Akureyri komi í skólann til að vinna að rannsóknum og lokaverkefnum. Kennaranemar komu á árinu til að taka starfsþjálfun og vettvangsnám, bæði frá kennaradeild HA og menntavísindasviði HÍ. Allt of fáir iðnmeistarar í kennsluréttindanámi hafa komið í skólann á síðustu árum til að taka vettvangsnám við skólann og er það áhyggjuefni upp á framtíðina enda lítið um fyrirspurnir og umsóknir ef auglýst er eftir iðnmeisturum/kennurum í iðn- og tæknigreinum.

**Samstarf við símenntunarstofnanir**, þá sérstaklega SÍMEY á Akureyri, er mjög gott. Helstu verkefni tengjast raunfærnimati og námskeiðshaldi. Þá er skólinn í góðu samstarfi við Iðuna hvað varðar ýmsa þætti í verklegu námi, námskeið og samskipti við fyrirtæki á svæðinu.

VMA tekur þátt í óformlegu **samstarfi iðn- og starfsnámsskóla**. Fundað var reglulega á fjarfundum þar sem fjallað var um sameiginleg mál er varða nemendur, námið, framkvæmd náms á covid-19 tímum og nýja reglugerð um vinnustaðanám. Þá var mikið rætt um aukna aðsókn í iðn- og starfsnám en hafna þurfti mörgum sem sóttu um í iðn- og starfsnámi á haustönn 2022 Ljóst er að gera þarf miklar breytingar á húsnaði skólanna til að anna þessari auknu aðsókn.



*Nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut taka þátt í Fyrirtækjamesu í gegnum frumkvöðlaáfangu þar sem þau stofna fyrirtæki og framleiða vöru með öllu sem því fylgir. Þessir nemendur stofnuðu fyrirtækið LARS og seldu fuglahús.*

**FabLab - stafræn smiðja í Eyjafirði.** Árið 2015 var FabEy stofnað um rekstur FabLab-smiðju sem staðsett yrði í VMA. Stofnaðilar FabEy eru VMA, SÍMEY, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarbær. FabLab-smiðjan er ætluð frumkvöðlum, nemendum, almenningi, fyrirtækjum og stofnunum. Smiðjan opnaði á vorönn 2017 og hefur smátt og smátt verið að auka við starfsemi sína. Nemendur VMA sem vinna lokaverkefni við skólann hafa í auknum mæli nýtt sér FabLab ásamt því að hluti af kennslu áfanga í rafiðn, á vélstjórn og listnámsbraut fer fram í FabLab. Í mars var gerður nýr samningu um rekstur FabEy þar sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið mun styrkja rekstur smiðjunnar í stað Nýsköpunarmiðstöðvar sem hefur verið lögð niður. FabEy gefur út ársskýrslu á hverju ári og þar má sjá nánar um starfsemi smiðjunnar.

**Þriðjudagsfyrirlestrar** eru samvinnuverkefni VMA, Listasafnsins á Akureyri og Gilfélagsins. Fyrirlestrararnir eru haldnir í Listasafninu á Akureyri og er hluti af námi nemenda á listnámsbraut að sækja fyrirlestrana. Meðal fyrirlesara á árinu voru: Jónína Björg Helgadóttir myndlisakona, fransk-þýska myndlistarkonan Andrea Weber, Ingunn Elísabet Hreinsdóttir dansari og danskennari, bandaríska myndlistarkonan Melanie Clemmons, Margrét Katrín Guttormsdóttir vöruhönnuður, Vala Fannell leikstjóri, grafíski hönnuðurinn Ingibjörg Berglind Guðmundsdóttir, Rebekka Kühnis myndlistarkona, japanska tónskáldið Tetsuya Hori, Eyþór Ingi



---

Jónsson organisti og ljósmyndari, kanadíski myndlistarmaðurinn Aaron Mitchell, Jenný Lára Arnórsdóttir leikstjóri og Kristinn G. Jóhannsson myndlistarmaður.

Öflugt **samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir** í nærumhverfi skólans. Nemendur í almennu starfsnámi hafa fengið starfsþjálfunarpláss innan fyrirtækja og stofnana og þá eru á hverjum tíma nemendur á samningi hjá ýmsum iðnfyrirtækjum og meisturum. Þá taka ýmis fyrirtæki og stofnanir á móti nemendahópum og halda kynningar á starfsemi sinni.

Skólinn fór í samstarf við Borgarholtsskóla vegna kennslu í bifvélaþvirkjun. Samstarfið náði yfir þrjár lotur á haustönn þar sem nemendur fóru í Borgarholtsskóla til að fá kennslu þar.

## Gjafir til skólans

Skólanum bárust ýmsar gjafir á árinu og er það afar mikilvægt að finna fyrir þeim velvilja sem skólinn hefur úti í atvinnulífinu og í nærsamfélaginu. Hér verður gerð grein fyrir þessum gjöfum en þetta er ekki tæmandi listi yfir þær gjafir sem skólinn hefur fengið á árinu.

Fyrirtækin *Byko, Hagi og Byggið*n ásamt VMA styrkja nemendur í byggingdeild um persónuhlífar og þann hlífðar- og öryggisfatnað sem námið gerir kröfur um. Fyrirtækin hafa útbúið sérstakan fata- og öryggisþakka fyrir nemendur sem fyrirtækin greiða niður og nemendur geta keypt á mjög góðu verði. Í þeim þakka sem samstarfið tekur til eru hjálmur, öryggisgleraugu, heyrnahlífar, öryggisskór, hanskar, smíðavesti, smíðabuxur og bolur.

*Félag málmíðnaðarmanna, Félag vélstjóra og málmæknimanna og Félag iðn- og tæknigreina* gáfu öllum nemendum í grunndeild málmíðna vinnugalla. Hefð er komin á þessa gjöf sem styrkir tengslin á milli nemenda við framtíðar stéttarfélög sín.

Sindri gaf skólanum slípurokka á málmismíðabraut en jafnframt flutti Sigurður Kristinsson sölumaður frá Sindra fyrirlestur um öryggismál fyrir nemendur í málmíðngreinum.

Jóhann Brynjar Ingólfsson gaf skólanum rennibekk sem settur var upp á málmismíðabraut en nemendur brautarinnar smíðuðu borð undir rennibekkinn.

Byggingafyrirtækin Húsheild og Hyrna ásamt Þór hf. Færðu skólanum að gjöf veglegan verkfærapakka inn á byggingadeild. Gjöfin samanstendur af tveimur bútsögum (önnur þeirra er rafknúin og hin með hleðslurafhlöðu), þremur vinnuborðum, tveimur hjólsögum, tveimur multisögum, nokkrum verkfæratöskum, tíu rafhlöðum, sex einnar handar þvingum, upphengjum fyrir raflöður o.fl.

Í september var öllum nemendum í grunndeild rafiðna færðar að gjöf spjaldtölvur frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands fyrir hönd allra atvinnurekenda og launþega í rafiðnaði. Er þetta framtak afar kærkomið þar sem námsefni í rafiðngreinum er nánast allt komið inn í Rafbók á vefnum.



*Þáttakendur í verkefninu Rotten Shark and Aioli á leið í kynnisferð til Hríseyjar*

## **Erlent samstarf**

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur því áherslu á að veita nemendum og kennurum tækifæri til að kynnast námi og starfi erlendis - og með því mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar.

Í upphafi árs leit út fyrir að COVID hefði áhrif á þátttöku skólans í erlendum samstarfsverkefnum. Sem betur fer var það ekki mikið og eftir því sem leið á árið voru ferðir fleiri og aukinn fjöldi erlendra gesta í skólann. Síðustu tvö ár hafði flestum verkefnum verið fresta á meðan önnur voru blásin af. Á árinu 2022 var VMA þátttakandi í 13 erlendum verkefnum; átta sem styrkt eru af Erasmus, fjögur sem styrkt eru af Nordplus og eitt sem fjármagnað er af uppbyggingarsjóði EES.

Árið 2022 sendi VMA alls 34 nemendur og 16 starfsmenn til Evrópu á vegum samstarfsverkefna - en sex nemendur og 11 starfsmenn í starfsspeglun og á námskeið á náms- og þjálfunarstýrkjum Erasmus+.

- **Náms og þjálfunarstýrkir (Mobility styrkir).**

- Tveggja vikna námsferð til Malaga á Spáni. Sex nemendur og tveir kennarar úr háriðn fóru í lok janúar.
- Forstöðumaður bókasafns fór til Helsinki í Finnlandi í fræðsluferð í byrjun júní.
- Námsráðgjafar ásamt einum sviðsstjóra fóru í speglunarheimsóknir til Lathi og Helsinki í Finnlandi í lok september.

- 
- Fimm kennarar af starfsbraut fóru í speglunarheimsókn til Kaupmannahafnar.
  - Alls hafði VMA milligöngu um 11 nemendur sem komu til Akureyrar á náms- og þjálfunarstyrk Erasmus+. Nemendurnir komu frá þremur skólum, SOSU Randers og SOSU Herning í Danmörku, og Salpaus í vinabænum okkar Lahti í Finnlandi. Nemendurnir voru á aldrinum 21 – 48 ára, störfuðu á leikskólum, hjúkrunarheimilum og í ferðapjónustu.
  - **DigitalVET4all (2021-2023)** er verkefni sem miðar að því að skapa rafrænan vettvang fyrir verknámskennara í Evrópu til að deila upplýsingum um kennsluaðferðir sem byggja á upplýsingatækni og sýndarveruleika. Markmiðið er að nýta vettvanginn til að prófa sig áfram með nýstárlegar stafrænar lausnir í verknámi og deila reynslu sín á milli. Verkefninu er stýrt af Omnia í Finnlandi en aðrir samstarfsaðilar í verkefninu eru; Vamia í Finnlandi, Danmar Computers í Póllandi, ATEC í Portúgal, Samiedu Finnlandi, RBZ am Schützenpark, SŠGT Slóveníu, KAK í Eistlandi og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Rafdeild VMA tekur þátt í verkefninu fyrir hönd skólans. Eftir að hafa haldið tvo fundi í verkefninu með rafrænum hætti var loksins haldinn staðfundur í Lossabon í Portúgal um miðjan september. Tveir kennarar í rafiðn fóru á þann fund.
  - **ELECTROECO-TEAM (2021- 2023)** er Erasmus+ samstarfsverkefni sex skóla sem kenna rafiðn; Verkmenntaskólans á Akureyri, IES Santa Lucía á Kanaríeyjum, BMSZC Egressy Gábor Két Tanítási Nyelvű Technikum Í Búdapest Ungverjalandi, ITÜ í Istanbúl Tyrklandi, Agora í Roermond Hollandi og Solski Center í Celje Slóveníu. Verkefnið gengur út á vinnusmiðjur þar sem nemendur skólanna eru látin vinna saman að verkefnum undir merkjum sjálfbærni og grænni orku. Markmið verkefnisins eru fjölþætt; að vekja nemendur til meðvitundar um umhverfisáhrif loftslagsbreytinga, vekja nemendur og kennara til meðvitundar um nauðsyn þess að innleiða umhverfisvænar lausnir í fagið, veita nemendum tækifæri til þess að vinna að grænum frumkvöðlaverkefnum í alþjóðlegu umhverfi og síðast en ekki síst að skapa vettvang til þess að deila reynslu og skapa alþjóðleg tengsl. Um tveggja ára verkefni er að ræða og hófst með upphafs fundi í Celje í Slóveníu í desember 2021. Tveir kennarar og fjórir nemendur fóru til Istanbúl í Tyrklandi í mars. Í lok maí tók VMA á móti 17 kennurum og 20 nemendum í verkefninu. Í þeirri dagskrá tóku jafnframt þátt allir kennarar í rafiðn ásamt verkefnastjóra erlendra samskipta og nemendum í rafiðn. Þriðja smiðjan fór fram á Kanaríeyjum í október. Þar voru tveir kennarar og fjórir nemendur sem tóku þátt. Milliskýrslufundur átti að fara fram í Istanbúl í nóvember er breyttist í rafrænan fund vegna sprengjuárásar í Istanbúl. Á þeim fundi sátu verkefnastjóri erlendra samskipta ásamt einum kennara.
  - **Ready for the World (2020-2022)** er samvinnuverkefni þriggja skóla sem munu sameiginlega vinna að því að finna leiðir til að valdefla og aðstoða konur sem standa höllum fæti í samfélaginu. Þeir skólar sem taka þátt í

---

verkefninu eru auk Verkmenntaskólans á Akureyri, SOSU Randers í Danmörku og Morgen College, sem er hluti af Landstede-skólunum sem eru staðsettir í Harderwijk í Hollandi. Hver skóli mun setja saman 10-15 manna nemendahópa með fjölbreyttan bakgrunn sem mun hittast í hverju landi fyrir sig og vinna sameiginlega með þema verkefnisins. Nemendur af Félags- og hugvísindabraut munu taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Verkefnið hófst haustið 2020 og samkvæmt upprunalegri áætlun mun því ljúka í ágúst 2022. Engar ferðir voru farnar árið 2020 og vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid var verkefnið verði framlengt um eitt ár. Í mars tóku 14 nemendur og þrír kennarar þátt í vinnusmiðju í Harderwijk í Hollandi. Næsta vinnusmiðja var haldin í VMA og tóku 15 nemendur frá VMA þátt í þeirri smiðju ástamt þremur kennurum. Þá komu fjórir kennarar og 26 nemendur til að taka þátt í vinnusmiðjunni.

- **VET 4 Change (2020-2022)** - Í þessu verkefni er leitast við að þróa aðferðir til að koma á betra samtali milli verknámsskóla og aðila sem koma að stefnumótun um byggðapróun. Verkefninu er enn fremur ætlað að gera þessum aðilum kleift að greina betur þarfir nærsamfélagsins þegar kemur að menntun. Þátttakendur í verkefninu auk VMA eru; MFR Grand Est Frakklandi, Breza Króatíu, BSC Slóveníu, IFOCAP Frakklandi, Inter Mondes Belgíu, Leader Union Eistlandi og GAL Cluj Napoca Rúmeníu. Einn fundur var haldinn í verkefninu í maí og fór hann fram í Krjani í Slóveníu og tók Jóhannes Árnason þátt í þeim fundi.
- **Rotten Shark and Aioli: Sharing Culinary Culture to Erase Differences** er samstarf tveggja skóla, matvælabrautar VMA og MFR La Tour d' Aigues í Suður Frakklandi. Markmið verkefnisins er að vinna með matarhefðir, bæði gamlar hefðir og nútíma matvælaframleiðslu, og nýtingu á svæðunum sem skólarnir þjóna. Við hér í Eyjafirði skoðum eigin matvælaframleiðslu og nýtingu og það sama gera nemendur skólans í Frakklandi. Áætlað var að hópur nemenda og kennara kæmi til Akureyrar og að hópur úr VMA færi til Frakklands vorið 2020 og aftur árið 2021. Vegna COVID varð litið úr þessum heimsóknum en í mars á þessu ári fóru 12 nemendur ásamt fjórum kennurum til La Tour d' Agues í Frakklandi þar sem matarmenning Frakklands var tekin út og grunnur lagður að uppskriftarbók sem er lokaafurð verkefnisins. Í lok apríl komu svo fimm nemendur og tveir kennarar í VMA til að taka þátt í verkefninu. Verkefninu lauk á árinu.
- **BlendVET (2021-2025)** er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES og er samstarfsverkefni þriggja landa; Íslands, Slóveníu og Noregs. Meginviðfangsefni BlendVET er að efla stafræna færni og þróa kennslufræðilegar lausnir til að innleiða blandað nám á verknámsbrautum. Verkefnið byggir á samstarfi milli verknámsskóla og háskóla í hverju landi fyrir sig og eru Háskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fulltrúar Íslands í verkefninu. Kennarar á byggingadeild, hársnyrtibraut og í listnámi taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Afurðir verkefnisins komust

---

langt á árinu. Byggingadeild er að búa til 360° kennslustofu, þar sem hægt er að ganga um stofuna og skoða hvernig vélbúnaður virkar og hægt er að skoða öryggismál með myndböndum sem þeir búa til á árinu. Listnámsbraut er annars vegar að búa til myndbönd um uppsetningu í íslenska vefstólinn, og um notkun Fab-Lab í kennslu. Hárgreiðslubrautin er að útbúa myndbönd sem má nota fyrir verklega heimavinnu hárgreiðslunema.

Fjórir þátttakendur fóru til Kongsberg í Noregi í apríl og tóku þátt í vinnufundi. En jafnframt voru haldnir nokkrir fjarfundir í verkefninu.

- **Empowerment by innovation - a must for inclusion** - Viðskiptabraut VMA vinnur að þessu Nord-Plus verkefni ásamt framhaldsskóla í Finnlandi og Eistlandi. Verkefni gengur út á að hópar nemenda og kennara hittast í löndunum til að vinna að ákveðnum verkefnum. Í verkefninu er áhersla á frumkvöðlastarfsemi og sköpun í tengslum við aðlögun innflytjenda og nýbúa í nýju samfélagi. Í september kom hópur kennara og nemenda frá Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Eistland og Litháen og tóku þátt í vinnusmiðju í VMA. Markmiðið smiðjunnar var að ungt fólk kæmi með lausnir fyrir eldra fólk sem veitti eldra fólki gleði. Meðal annars var farin ferð í Mývatnssveit, þar sem nemendum og kennurum var sýnd íslensk náttúra og sagðar sögur. Tólf eldri borgurum, allt fyrrum kennurum VMA, var boðið með í ferðina. Eldri borgarar voru paraðirsaman við hópa nemenda og eyddu þau góðum degi saman. Í nóvember fór einn kennari ásamt fjórum nemendum til Rakvere í Eistlandi til að taka þátt í vinnusmiðju.
- **FING** er verkefni sem VMA hefur tekið þátt í nokkur ár. FING vísar til upphafsstafa þátttökulandanna, Færeyja, Íslands, Noregs og Grænlands. Auk VMA taka þátt í verkefninu Stavanger offshore tekniske skole í Stavanger í Noregi, sem er leiðandi í verkefninu, KTI í Sisimiut á Grænlandi og Vinnuháskúlinn í Þórshöfn í Færeyjum. Segja má að covid hafi frestað lokahnykk verkefnisins en lokafundur var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum í lok september 2022. Þar var farið yfir árangur verkefnisins og rætt um að senda inn umsókn fyrir áframhaldandi samstarfi næstu árin á svipuðum nótum. Í desember fóru tveir fulltrúar VMA á undirbúningsfund fyrir nýtt verkefni tengt áframhaldi í gegnum FING. Einn fulltrúi fór til Þórshafnar í Færeyjum á fund í lok september.

Mikið er um fyrirspurnir til VMA um þátttöku í erlendu samstarfi og þarf skólinn að vísa frá fjölmörgum beiðnum um samstarfsverkefni. Á hverju ári tekur skólinn á móti gestum utan þeirra heimsókna sem eru innan þeirra verkefna sem eru í gangi á hverjum tíma. Á árinu 2022 tók VMA þátt í móttöku 85 kennara/ starfsmanna og fengu 79 nemendur í heimsókn. Alls voru 37 kennarar/starfsfólk sem fóru á vegum skólans erlendis og 44 nemendur. Nánar má sjá um erlent samstarf og samstarfsverkefni á [heimasíðu skólans](#).

Á vorönn voru engir skiptinemar í VMA vegna COVID. Á haustönn var einn AFS skiptinemi í VMA frá Sviss.

---

## Þróunarverkefni, eftirfylgni, innra og ytra mat

Lögð er áhersla á að markmið séu sett á ýmsum sviðum skólastarfsins. Þessi markmið eru mælanleg og gerðar eru reglulega kannanir meðal nemenda og starfsmanna í því skyni að geta séð hvort settum markmiðum hefur verið náð.

**Námsmat í VMA** er í stöðugri þróun. Allir nemendur skólans fá miðannarmat og áhersla á að því fylgi jafnframt skriflegt mat og leiðsögn kennara á gengi nemenda í hverjum áfanga. Námsmatsreglur taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina. Nánar má sjá um [námsmatsreglur](#) á heimasíðu skólans. Á árinu höfðu sóttvarnarreglur vegna heimsfaraldurs áhrif á námsmatið í skólanum og voru kennarar hvattir til að hafa sem mest símat í kenndum áföngum.

**Gæðakerfið** er í stöðugri þróun innan skólans. Á árinu voru endurskoðaðar nokkrar verklagsreglur og lögð áhersla á að einfalda kerfið. Að venju var gæðakerfi skólans tekið út á hverri önn og hefur skólinn fengið staðfestingu á ISO-9001 vottun skólans. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að það skerði þau gæði sem skólinn stendur fyrir. Nánari samantektir er varða gæðakerfið eru í skýrslum gæðaráðs, [rýni stjórnenda](#) (önn), sem finna má á heimasíðu skólans.

VMA er með **jafnlaunavottun** og vinnur eftir þeim stöðlum sem þar eru settir.

**Öryggismál.** Öryggisnefnd skólans ásamt stjórnendum tóku þá ákvörðun að halda ekki rýmingaræfingu vegna sóttvarnarreglna. Öryggisnefnd fundaði reglulega á árinu þar sem rætt var um sóttvarnir og ýmis öryggismál er varða starfsfólk. Enn er unnið að úrbótum úr áhættumati frá árinu 2019 og standa fyrst og fremst eftir verkefni sem eru stór að umfangi og lúta að Ríkiseignum.



*Heyrnahlífar með sendibúnaði voru teknar í notkun í vélasal byggingadeildar í janúar*

---

**Endurskoðun á námsbrautum** skólans fór af stað á árinu og verður haldið áfram á næsta ári. Aðalnámskrá býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skólar fá tækifæri til að marka sér sérstöðu. Kennarar og stjórnendur hafa því haft tækifæri til að laga námið í skólanum að sérstöðu skólans, nemendahópsins og nærsamfélagsins. Breyting á störfum og innleiðing nýrrar reglugerðar um vinnustaðanám hefur áhrif á námsbrautir í iðn- og starfsnámi og kalla á endurskoðun námsbrauta. Skólinn hefur skilgreind [lokamarkmið](#) náms við skólann sem birt eru á heimasíðu VMA en heimasíðan er jafnframt skólanámskrá VMA.

VMA tekur þátt í verkefninu **Heilsueflandi framhaldsskóli** undir leiðsögn frá Embætti landlæknis. Verkefnið hefur verið í lægð undanfarin ár bæði innan skólans og innan Embætti landlæknis. Búið er að endurskoða verkefnið og byggja það upp með nýjum hætti með nýjum viðmiðum í stað eldri gátlista. Á árinu var fylltur út nýr gátlisti og verkefnið uppfært í samræmi við breytt viðmið og áherslur.

Vegna Covid-19 og samkomutakmarka voru engir viðburðir haldnir í skólanum innan verkefnisins, s.s. þátttaka í Flensborgarhlaupi og VMA-hlaup. Þemavika tengist inn á markmið HEF og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Áhersla á þemaviku í mars voru *umhverfis- og loftlagsmál* með áherslu á heimsmarkmið nr. 6, 7, 12, 13, 14 og 15. Í október var þemavika með áherslu á þrjú Heimsmarkmið; 1. *Engin fátækt*, 2. *Ekkert hungur* og 6. *Hreint vatn*. Í þemaviku eru kennarar hvattir til að tengja þemu við viðfangsefni áfanga sinna og vinna að þeim með nemendum sínum. Á haustönn kom Sigrún Steinarsdóttir og sagði frá Matargjöfum Akureyrar og Hrönn Brynjarsdóttir frá Norðurorku fjallaði um hreint vatn og hreinlætisaðstöðu.

Frá því á haustönn 2021 hefur VMA verið að taka þátt í **Grænum skrefum** í ríkistekstri og hélt sú vinna áfram á árinu. Skólinn hefur lokið þremur skrefum af fimm og fjórða skrefið langt komið.

Í VMA eru fjórir kennarar svokallaðir UT-mentorar. Þeirra hlutverk er að leiðbeina kennurum um ýmislega mál tengt upplýsingatækni í námi og kennslu ásamt því að skipuleggja námskeið innan skólans.

## **Innra mat og eftirfylgni**

Helstu þættir innra mats og eftirfylgninnar eru:

- **Kennslu- og áfangamat:** Nemendur meta kennsluna, aðstöðuna og námsefnið. Matið er lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum, samantekt á niðurstöðum birtar á heimasíðu og í skýrslu um rýni stjórnenda eftir hverja önn. Niðurstöður [kennslu- og áfangamats](#) ársins eru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa allir fengið niðurstöður úr könnunum ársins.
- **Framvindumat:** Kennarar meta hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir fylgi þeirri námsáætlun sem lagt var upp með. Matið er framkvæmt í lok hverrar annar og niðurstöður birtar í [rýni stjórnenda](#) sem finna má á heimasíðu skólans.

- 
- **Áfangaskýrslur:** Kennarar gera skýrslur um hvern áfanga í lok annar. Skoðaður er árangur nemenda, hvernig áfanginn gekk og hvað má betur fara. Jafnframt kemur fram hvort einhverju hafi verið ábótavant í kennslunni. Niðurstöður eru ræddar á fag- og brautarfundum, gæðaráðsfundum, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
  - **Þjónustukönnun:** Þjónustukönnun VMA er gerð á 2ja ára fresti þar sem nemendur eru spurðir álits á ýmsum þáttum í skólastarfinu öðrum en kennslu. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólastarfi. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans. Könnun var lögð fram á [haustönn 2022](#) og fór fram í gegnum Innu. . Allir nemendur í dagskóla, alls 876, fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. Könnunin var opin frá 11.10 til 25.10 og 268 nemendur svöruðu könnuninni, eða 31%. Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: *Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í þjónustukönnun á haustönn 2022 svara 33% mjög sammála og 58% frekar sammála eða alls 91% nemenda svara spurningunni mjög eða frekar sammála. Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: *Í skólanum líður mér vel* með því að svara næstum alltaf eða oftast. Í þjónustukönnun á haustönn 2022 svara 27% mjög sammála og 55% frekar sammála. Alls svara 82% nemenda spurningunni næstum alltaf eða oftast. Markmið varðandi líðan næst ekki. Vandasamt er að finna skýringu á þessu eða viðbrögð. Almennt virðist líðan eftir faraldur vera heldur slæm. Spyrja þarf spurningarinnar aftur á haustönn 2023 til að bera saman, hvort þetta er skýrist af tilviljun, ytri aðstæðum eða hvort breytingar til hins verra hafi orðið í skólastarfinu. Næsta þjónustukönnun fer fram á haustönn 2023.
  - **Stjórnendamat:** Frá árinu 2016 hefur *Stofnun ársins* verið notuð sem hluti af innra mati skólans og sem starfsmanna- og stjórnendakönnun. Könnunin fór fram í lok árs 2021 og [niðurstöður](#) birtar í febrúar 2022. Í könnuninni er spurningum og niðurstöðum skipt niður í níu þætti: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttagreiningunni en stofnunum er síðan raðað eftir heildareinkunninni. Í VMA var svarhlutfallið 70-79% og fékk einkunina 3,781 sem setti skólann í 35. sæti af 50 yfir stofnanir með fleiri en 90 starfsmenn. Í heildarlistanum er VMA í 121. sæti af 152 stofnunum sem tóku þátt í könnuninni. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í þessari könnun.
  - **Innra mat:** Allar verklagsreglur gæðakerfisins og/eða einstaka hlutar gæðakerfisins eru teknir út árlega. Niðurstöður innri úttekta eru teknar fyrir
-



---

á gæðaráðsfundi, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila. Gerð er grein fyrir samantekt innri úttekta í skýrslunni *Rýni stjórnenda* sem gerð er eftir hverja önn.

- **Ytra mat:** Úttektarmaður frá Vottun ehf tekur út á hverri önn hvort skólinn sé að vinna eftir gæðakerfinu og uppfylli þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni. Skólinn er með allt dagskólanám vottað. Skólinn er með jafnlaunavottun og er vinnulag tekið út árlega.
- **Ytri úttekt MRN** fór síðast fram árið 2018 og má sjá niðurstöður úttektarinnar í skýrslu sem birt hefur verið á [vef MRN](#).
- **Frábrigði, ábendingar og kvartanir:** Allir þættir náms og kennslu eru stöðugt undir eftirliti gæðakerfis. Allir sem koma að kennslu og námi í skólanum hafa leiðir til að koma á framfæri tilkynningum á frábrigðum, ábendingum eða kvörtunum sem fram kunna að koma í starfsemi skólans. Þannig er hægt að skoða þessi tilvik með tilliti til þess hvort unnt er að gera úrbætur og tryggt að stöðugar umbætur séu framkvæmdar á allri starfsemi skólans. Allar tilkynningar eru skráðar og teknar fyrir á gæðaráðsfundum og gerð grein fyrir þeim í rýni stjórnenda fyrir hverja önn. [Skýrslur um innra mat](#) í VMA má nálgast á vef skólans.



*Grillveisla á nýnemahátíð 2022 og alltaf gott veður á Akureyri.*

## Rekstur

### Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.145.762.883	2.045.065.188
Aðrar tekjur .....		16.614.189	16.614.000
Seld þjónusta .....	3	37.323.058	37.037.841
Vörusala .....		13.545.864	12.900.900
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	45.012.605	52.058.459
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	23.386.341	23.342.815
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.281.644.940</b>	<b>2.187.019.203</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.671.295.902	1.594.605.305
Annar rekstrarkostnaður .....	6	618.240.308	576.435.285
Afskriftir .....	7	23.386.341	23.342.815
<b>Gjöld samtals</b>		<b>2.312.922.551</b>	<b>2.194.383.405</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(31.277.611)</b>	<b>(7.364.202)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		272.264	257.013
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(550)	0
		<b>271.714</b>	<b>257.013</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(31.005.897)</b>	<b>(7.107.189)</b>

Undanfarin ár hafa verið skólanum fjárhagslega erfið og árið 2020 var einstaklega erfitt. Árið 2021 var reksturinn í meira jafnvægi en árið 2022 fór reksturinn aftur að verða skólanum erfiður. Fækkun hefur orðið á ársnemendafjölda skólans og fækkaði þeim um 20 milli ára. Skólinn var í skuld við Ríkissjóð allt árið og gat þar að leiðandi ekki notað svokallað fjárfestingarframlag sem er notað til kaupa á tækjum og tólum til skólans. Nánast ekkert var hægt að kaupa annað en nauðsynlegustu aðföng til kennslu og allar sértekjur notaðar í rekstur og dugði ekki til. Skuld við Ríkissjóð er í lok ársins 31 milljón.

Skólastjórnendur hafa leitað allra leiða til að greina fjárhagsvandann en það er erfitt þegar ekki er nægt gagnsæi í framlögum skólans, t.d. er ekki hægt að sjá hve mikil framlög koma til skólans vegna einstakra námsbrauta eða nemendahópa. Er það skoðun stjórnenda að einhvers staðar sé ekki rétt gefið í gegnum reiknilíkan framhaldsskóla til skóla með því námsframboði og þeim nemendahópi sem er í VMA. Samsetning nemendahópsins er að breytast, hlutfall nemenda á starfbraut fer hækkandi og fækkun nemenda á stúdentsprófsbrautum. Fólksfækkun í árgöngum á framhaldsskólaaldri er á upptökusvæði skólans. Fjárhagsleg staða skólans kemur niður á öllu skólastarfi og gerir allan samanburð um skólastarf og skóla erfiðari.

---

Hátt hlutfall rekstrarfjár skólans fer í að greiða laun og reka húsnæðið. Þó svo að í reiknilíkani sé gert ráð fyrir ákveðinni hlutfallstölu í þágu kaupa á búnaði og tækjum hefur á undanförunum árum ekki verið neinn afgangur til þess að fjármagna nauðsynlega endurnýjun. Það er orðin mikil uppsöfnuð þörf fyrir innkaup á tækjum og búnaði sem bitnar á starfs- og námsaðstæðum fyrir starfsfólk og nemendur.



## Húsnæði

VMA er í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn. Vinnurými og kaffistofa eru fyrir kennara í A-álmum og inni á einstaka brautum og álmum. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að en jafnframt er boðið upp á hádegishlaðborð í mötuneyti starfsfólks. Rekstur mötuneytis hefur verið á vegum Matsmiðjunnar ehf. undanfarin ár en skipt var um eigendur Matsmiðjunnar í ágúst 2022 og fékk nýtt fyrirtæki nafnið Ghost Kitchen.

Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri til íþróttakennslu en mjög er þrengt að húsnæði sem skólinn getur nýtt til íþróttakennslu þar sem tímum sem skólinn fær aðgang að í Íþróttahöllinni hefur fækkað.

Á árinu var farið í breytingar á skrifstofurými skólans í A-álmum og fluttist upplýsingatækniþjónusta úr B-álmum yfir á skrifstofu í A-álmum. Skrifstofa húsumsjónar var færð úr G-álmum yfir í A-álmum. Rýmið í G-álmum var breytt í geymslu fyrir matvælabraut þar sem nú er líka farið að kenna framreiðslu. Til að bæta útiaðstöðu á byggingadeild var útsvæðið stækkað tímabundið til að koma fyrir auka frístundahúsi á lóð skólans og gám fyrir aðföng. Er bráðagbirgðalaus sem þarf að laga og skoða með heildrænum hætti þar sem breyting verður á aðgengi

---

gangandi og bílaumferðar á norðurplani skólans. Á suðurlóð skólans var settur upp folfvöllur í samstarfi við Folfklúbb Akureyrar og Akureyrarbæ. Endurnýjun á ljósum í húsnæði skólans eru í gangi þar sem skipt er yfir í ledlýsingu í rýmum skólans. Haldið var áfram að fjölga rafmagnstenglum í kennslustofum þar sem aukin þörf er á þeim vegna aukinnar fartölvunotkunar nemenda.

Unnin er viðhaldsáætlun fyrir húsnæði skólans og send til Ríkiseigna í lok hvers árs en sú stofnun sér um allt viðhald húsnæðisins.

## **Mannauður og starfsmannamál**

Á haustönn 2022 voru 149 starfsmenn við skólann, þar af 107 kennarar. Allir kennarar við skólann eru með kennsluréttindi fyrir utan þrjá leiðbeinendur í iðngrein. Fimm kennarar eru stundakennarar og einn einungis að kenna í fjarnámi. Kynjahlutfall allra starfsmanna er nær jafnt, 52% eru konur og 48% karlar. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, rekstar- og fjármálastjóri og þrír sviðsstjórar í 100% starfi hver. Auk þeirra starfa við stjórnun 10 brautarstjórar og níu fagstjórar í hlutastörfum. Forstöðumaður bókasafns og einn starfsmaður á bókasafni sem jafnframt er verkefnastjóri erlendra samskipta. Við nemendapjónustu starfa tveir námsráðgjafar, viðburðastjóri, forvarnarfulltrúi, skólahjúkrunarfræðingur (starfsmaður HSN frá haustönn 2022) og sálfræðingur. Aðrir starfsmenn eru; bókhalds- og þjónustufulltrúi, gæða—og verkefnastjóri, mannauðsstjóri, upplýsingatæknifulltrúi, verkefnastjóri erlendra nemenda, tveir umsjónarmenn fasteigna, átta þjónustuliðar og níu stuðningsfulltrúar. Fjórir kennarar eru UT-mentorar og 16 kennarar eru umsjónarkennarar. Formlegar starfslýsingar eru í gæðahandbók fyrir öll störf í skólanum.

Á vorönn 2022 voru tveir kennarar í námsleyfi. Á haustönn var einn kennari og brautarstjóri starfsbrautar í námsleyfi. Einn kennari var í launalausuleyfi á haustönn.

Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal á tveggja ára fresti en vegna mikilla anna hjá stjórnendum og takmörkunar á skólastarfi voru færri starfsmannaviðtöl tekin á árinu en áætlað var.

Breytingar voru gerðar á skipulagi skrifstofu og stjórnendateymi skólans sem tóku gildi 1. ágúst. Fækkað var um einn áfangastjóra en áfram þrír sviðsstjórar. Verkefni voru færð til milli stjórnenda og skrifstofu skólans. Verkefnastjóri á skrifstofu er nú gæðastjóri og jafnréttisfulltrúi, mannauðsstjóri var ráðinn við skólann og breytt starf á skrifstofu sem heitir nú bókhalds- og þjónustufulltrúi. Búið var til teymið áfangastjórn sem í eru aðstoðarskólameistari, sviðsstjórar og áfangastjóri. Upplýsingatæknifulltrúi er nú kominn með aðstöðu á skrifstofu skólans í A-álmu. Vegna fjölgunar nemenda með annað móðurmál en íslensku var verkefnastjóri erlendra nemenda ráðinn við skólann til að hafa umsjón með þeim nemendum og skipulagi náms fyrir nemendahópinn.

---

Frá haustönn 2022 er VMA komið inn í svokallað Menntaský og Microsoft saming ríkisins. Þessi breyting hafði mikil áhrif á starfsemi skólans enda VMA búinn að vera Google skóli í nokkur ár. Boðið var upp á námskeið í lok vorannar og í upphafi haustannar fyrir starfsfólk og UT-mentorar voru með jafningjafræðslu. Það er ljóst að það mun taka nokkurn tíma að aðlagst nýju kerfi og nokkuð um vandamál tengt yfirfærslunni. Skólinn er með GoPro skjalastjórnunarkerfi samkvæmt málalykli og rafræn skil til Þjóðskjalasafns.

Á árinu var gerður nýr samningur vegna greiðslna fyrir kennslu í fjarnámi og stofnanasamningur VMA og KÍ endurskoðaður.

Félagslíf starfsmanna fór hægt af stað á árinu vegna COVID takmarkanna en eitthvað var um hittinga, haldin afmæliskaffi, grillað eftir skólalok í maí og farin var vorferð og haustferð. Ekki var haldin árshátíð þetta árið. Starfsfólk hefur aðstöðu til að stunda líkamsrækt í íþróttaaðstöðu skólans - hefur íþróttfélagið Haukurinn haldið utan um það starf - og Fraukur hittast við hannyrðir.

## **Áhrif samkomutakmarkanna vegna COVID-19 á skólastarf**

Í upphafi árs litaðsit skólastarfið af Covid-19 faraldrinum og mikið um smit í byrjun árs þrátt fyrir bólusetningar frá árinu áður. Bæði nemendur og starfsfólk voru fjarverandi vegna veikinda og sóttkvíar en skólastarfið gekk nokkuð vel og náðist að vera í staðkennslu. Upphaf vorannar seinkaði þó um fjóra daga. Í lok febrúar var svo öllum takmörkunum vegna COVID felldar úr gildi og smátt og smátt fór hið hefðbundna skólastarf að komast í gang. Það er samt ljóst að áhrifin munu vara næstu árin og nemendur okkar og nýnemar næstu 2-3 árin vera mörkuð af því ástandi sem hefur verið síðustu tvö ár. Nám og kennsla eru breytt til framtíðar og samfélögin líka. Nýjar nálganir í námi og kennslu munu sumar festast í sessi og notkun upplýsingatækni mun halda áfram að þróast. Þessi tími var mikil áskorun fyrir alla og skipulag skólastarfs var afar krefjandi. Kennarar, stjórnendur og nemendur náðu að aðlagast takmörkunum á hverjum tíma og tókust á við verkefnið með miklu æðruleysi.

Haldið var áfram með þær breytingar sem gerðar voru á stundatöflunni á árinu 2020 þar sem hádegi var lengt, frímínútur teknar út og kennslustundin stytta um 5 mín. Á haustönn var gerð smá breyting þar sem hádegið var stytta aðeins og löngu frímínúturnar komu aftur inn. Ánægja var með lengra hádegi og að kennsla hófst seinna að morgni og var búin fyrr á daginn en áður. Áfram er upphaf skóladags kl. 8.30 og kennsla líkur kl. 15.40 og kennslustundin er 35 mín. Breytt skipulag kennslustunda gerir það að verkum að kennarar eru með færri mínútur í kennslu en áður sem sem hefur áhrif á suma áfanga í verklegri kennslu.



*Frá árshátíð nemenda 2022*

## **Félagslíf nemenda**

Starfsemi nemendafélagsins snýr fyrst og fremst að félagslífi sem ekki hafði nú gengið vel að halda úti síðustu tvö ár vegna COVID. Á vorönn var sett upp leikritið *Lísa í Undralandi* í Gryfjunni í mars. Enn og aftur toppaði leikfélagið sig með magnaðri sýningu þar sem ungt hæfileikaríkt fólk innan skólans sá um alla hluti, hvort sem það var leikur, söngur, dans, ljós- eða hljóðvinnsla, sviðsmynd, búningar, förðun, sviðsstjórn eða markaðssetning. Nemendafélagið stóð fyrir nokkrum minni viðburðum eins og hægt var með svokölluðum gleðidögum. Haldin var árshátíð í byrjun apríl sem var kærkomin viðburður og haldin var dimmiso í lok vorannar. Fulltrúi VMA á Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var á Húsavík í apríl, var Embla Björk Hróadóttir.

Sturtuhausinn, söngkeppni VMA, var haldin í byrjun nóvember og var það Brynja Rán Eiðsdóttir sem vann.

Farin var nýnemaferð í lok ágúst en þar sér stjórn Þórdunu um dagskrá dagsins. Eins og svo oft áður var farið að Hólavatni þar sem keppt var í ýmsum þrautum, grillað og buslað í vatninu en mjög gott veður var þessa tvo daga sem farið var í ferðirnar. Nýnemahátíð var haldin í lok nýnemaviku þar sem grillað var fyrri nemendur og endaði vikan með fjölmennu nýnemaballi. Leikfélagið setti upp

---

Hryllingshús á Halloween, sem heldur betur sló í gegn og er orðin fastur liður í starfsemi leikfélagsins á hverju hausti. Skólablaðið Mjólnir kom ekki út á þessu ári en nemendafélagið er með virka Instagram-síðu.

Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði þar sem þeir halda utan um hagsmuni nemenda. Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn. Viðburðarstjóri starfar með nemendaráði að félagslífinu í samvinnu við stjórnendur. Sem fyrr var gott samstarf á milli nemendafélags og stjórnenda skólans á árinu.

## Viðurkenningar og þátttaka í keppnum

Systkinin Theodóra Tinna Reykjálín Kristínardóttir og Víkingur Þorri Reykjálín Sigurðsson, sem bæði stunda nám á náttúruvísindabraut VMA, komust í úrslit *stærðfræðikeppni framhaldsskólanema* í október. Víkingur var í fyrsta sæti í sínum flokki og Tinna í 6. sæti. Fjórir nemendur VMA tóku þátt í keppninni. Úrslitin fara fram í mars á næsta ári.

Eyrún Arna Ingólfssdóttir nemandi á listnámsbraut tók þátt í *Samsýningu framhaldsskólanna* sem fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur í lok nóvember. Eyrún fékk viðurkenningu fyrir frumlegustu hugmyndina.

Mars Baldurs nemandi á fjölgreinabraut er *Ungskáld 2022* fyrir smásöguna *Þágufallssýki*. Ungskáld er ritlistakeppni sem gengur út á að efla ritlist og skapandi hugsun hjá ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Ungskáld 2022 hófst með ritlistasmiðju í VMA í október þar sem rithöfundarnir Gunnar Helgason og Kamilla Einarsdóttir fræddu 19 þátttakendur af svæðinu um ýmislegt varðandi ritlistina. VMA, MA, Rósenborg, Amtbókasafnið og Akureyrarbær standa að þessari keppni og verkefninu með styrk frá SSNE.

Leikfélag VMA fékk styrk úr *Samfélagssjóði KEA*, til að setja upp sýningu á næsta ári.

Í október, á Alþjóðadegi kennara, var Hársnyrtibraut VMA tilnefnd til *Íslensku menntaverðlaunanna* í flokknum Framúrskarandi iðn- eða verkmenntun. Kennararnir Harpa Birgisdóttir og Hildur Salína Ævarsdóttir voru vel að tilnefningunni komnar fyrir framúrskarandi starf í iðn- og verkmenntun og þá sérstaklega áhugaverða þróun vinnustaðanáms. Verkefnið #Kvennastarf fékk verðlaunin þetta árið en það var samstarfsverkefni starfsnámsskólanna undir stjórn Tækniskólans.



*Eyrún Anna með viðurkenningarskjalið fyrir verkefni sitt Endurvinnsla með tvísti.*

## **Foreldrasamstarf**

Tilgangur og markmið foreldrafélag VMA eru að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda, að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda, að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélags og starfsfólks skólans, að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda, sérstaklega gagnvart bæði námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans, og að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Stjórn foreldrafélagsins hittist tvisvar á árinu en Gunnbjörn Ketilsson fulltrúi foreldra sat fundi í skólanefndar. Skólameistari sendi reglulega út tölvupósta til allra foreldra/forráðamanna nemenda yngri en 18 ára þar sem ýmsum upplýsingum var komið á framfæri við foreldra/forráðamenn. Haldinn var einn fjarfundur með foreldrum á haustönn 2022 þar sem öllum foreldrum nýnema var boðið.

## **Skólanefnd**

Núverandi skólanefnd var skipuð vorið 2021. Í skólanefnd VMA eru Sverre Jakobsson formaður, Matthías Rögnvaldsson, Eva Dögg Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir og Axel Grettisson. Fulltrúi starfsfólks er Karen Malmquist og fulltrúi foreldra er Gunnbjörn R. Ketilsson. Fulltrúi Þórðunu nemendafélags skólans var Tumi Snær Sigurðsson og Steinar Laxdal á vorönn en Steinar sat fundi haustannar. Skólameistari situr alla fundi nefndarinnar ásamt aðstoðarskólameistara og rekstrar- og fjármálastjóri er kallaður á fundi þar sem fjármál og rekstur eru rædd. Á árinu var fundað átta sinnum í skólanefnd VMA og þar af voru fjórir fundir í fjarfundum.



---

## Lokaorð

Árið 2022 einkendist af endalokum sóttvarna og takmarkanna vegna COVID. Við þær aðstæður sem faraldurinn færði okkur myndaðist samstaða nemenda, starfsfólks og stjórnenda til að láta skólastarfið ganga upp í umhverfi þar sem heimsfaraldurinn markaði líf fólks út um allan heim. Þegar leið á árið var ljóst að rekstur skólans var afar þungur og hefur það haft áhrif á skólastarfið og sérstaklega getu skólans til að endurnýja tækjabúnað og bæta aðstöðu starfsfólk og nemenda. Upptaka O365 og það að fara inn í Menntaskýið var mikil áskorun fyrir bæði starfsfólk og nemendur. En árið gaf sem fyrr gott skólastarf og margt í VMA sem hægt er að vera stoltur af og þakkavert s.s. félagslíf nemenda, dugnaður og sköpun í skólastarfinu og tilnefning til Íslensku menntaverðlaunanna.

Nemendur eru hornsteinn VMA. Það að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, líði vel, tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni skiptir mestu máli. Til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda býður skólinn upp á fjölbreyttar námsleiðir, góða þjónustu og stuðning við nemendur. Jafnframt er skólinn mikilvægur í nærumhverfi sínu og leitast við að vera í góðu samstarfi við hagsmunaaðila í nærumhverfi skólans.

Gildi skólastarfsins og einkunnarorð skólans eru: Fagmennska - Fjölbreytni - Virðing og er það hlutverk allra sem starfa og nema við skólann að fylgja eftir þeim gildum sem skólinn starfar eftir.

Gjört á Eyrarlandsholti maí 2023

Sigríður Huld Jónsdóttir

Skólameistari VMA

---

## Yfirlit yfir nefndir og ráð innan VMA 2022

**Stjórnendafundir** eru haldnir vikulega á starfstíma skóla.

- Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari
- Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari
- Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri
- Anna María Jónsdóttir sviðsstjóri iðn- og starfsnáms
- Harpa Jörundardóttir sviðsstjóri starfsfbrauta og brautabráar
- Ómar Kristinsson sviðsstjóri stúdentsprófsfbrauta og fjarnáms
- Hrafnhildur Haraldsdóttir rekstar- og fjármálastjóri
- Svava Hrönn Magnúsdóttir náms- og starfsráðgjafi
- Helga Júlíusdóttir náms- og starfsráðgjafi.

**Gæðaráð** – fundar vikulega á starfstíma skóla.

- Halla Hafbergsdóttir gæðastjóri
- Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari
- Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari
- Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri
- Harpa Jörundardóttir sviðsstjóri starfsfbrauta og brautabráar

**Skólaráð**

- Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari
- Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari
- Sigrún Fanney fulltrúi kennara
- Þorsteinn Kruger fulltrúi kennara
- Kormákur Rögnvaldsson fulltrúi nemenda
- Katrín Róbertsdóttir fulltrúi nemenda

**Öryggisnefnd**

- Benedikt Barðason öryggisvörður
- Halla Hafbergsdóttir öryggistrúnaðarmaður
- Svanlaugur Jónasson öryggistrúnaðarmaður
- Anna María Jónsdóttir / Sigurður Hlynur Sigurðsson öryggisvörður

**Stjórn Þórdunu** kosin vorið 2022

- Steinar Bragi Laxdal formaður
- Sara Dögg Sigmundsdóttir varaformaður
- Mikael Jens Halldórsson skemmtanastjóri
- Sveinn Sigurbjarnarson eignastjóri
- Sandra Hafsteinsdóttir kynningarfulltrúi
- Gunnlaugur Geir Gestsson meðstjórnandi
- Hafdís Inga Kristjánsdóttir ritari
- Halldór Birgir Eydal gjaldkeri

**Forvarnarteymi**

- Svava Hrönn Magnúsdóttir náms- og starfsráðgjafi
- Helga Júlíusdóttir náms- og starfsráðgjafi.
- Hannesína Scheving hjúkrunarfræðingur á vorönn – Auður Karen Gunnlaugsdóttir hjúkrunarfræðingur frá HSN á haustönn
- Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir forvarnarfulltrúi
- Anna Margrét Hrólfsdóttir sálfræðingur